

Evrópuráðstefna Special Olympics

Casablanca 4. – 6. júní 2010

Evrópuráðstefna var haldinn í Kenzi Tower hótelinu í Casablanca og voru fundarmenn um 100 frá tæplega 50 löndum. Að stórum hluta var fundurinn undirbúningsfundur fyrir alheimsfundinn í Marrakech sem halda skyldi strax í framhaldinu. Í opnunarræðum þeirra Mary Davis, framkvæmdarstjóri SOEE og Jo McDaid, framkvæmdarstjóri SO Írlandi kom fram að mikið er um að vera hjá Special Olympics í álfunni og um margt spennandi tímar framundan. Helst ber að nefna Evrópuleika SO í Varsjá í Póllandi í haust, Alheimsleika í Aþenu í júní 2011 auk annarra viðburða sem verða síðar verða raktir í skýrslunni.

Í upphafi ráðstefnunnar var farið yfir helstu atriði í sambandi við stefnumótunarvinnu SOI 2011 – 2015 (Strategic Plan) aðdraganda þeirrar vinnu lýst og næstu skref útskýrð (nánar um það í skýrslu frá heimsráðstefnunni).

Því næst kynnti Marian Murphy, Írlandi fyrir fundarmönnum væntanlegan Eunice Kennedy Shriver dag (EKS day) sem halda skyldi þann 25. september n.k., en eins og flestir vita stofnaði Eunice SO árið 1968 en hún lést í ágúst s.l. Með þessum degi á að halda arfleifð (legacy) hennar á lofti um ókomna tíð. Upphaf stofnunnar SO má rekja til þess að Eunice blöskraði hvernig komið var fram við systur hennar, sem var með þroskahömlun, en henni fannst hún ekki hafa sömu tækifæri til þroska og aðrir án hömlunar. EKS dagurinn mun svo eftirleiðis haldinn fjórða laugardag í septembermánuði og á hann að endurspegla þau fimm gildi sem Eunice lagði áherslu á:

- Ást
- Réttlæti
- Trú
- Von
- Hugrekki

Í ár er lagt til að meginverkefni dagsins verði:

- Leikur, þar sem fötluðum er gert kleift að stunda íþróttir með ófötluðum (Best Buddies og Unified Sport)
- Fræðsla á netinu, þar sem fólki verður boðið að kynnast sögu EKS auk þess að skiptast á sögum með það fyrir augum að bera út hugmyndafræði hennar. Einnig mælt til þess að sögu hennar og hugmyndafræði verði haldið á lofti í hverju aðildarlandi fyrir sig.
- Uppbygging mannvirkja sérstaklega í fátækari löndum. Einnig lagt til að ný mannvirki eða nýuppyggð verði nefnd eftir EKS

Einnig kom fram að horft væri til Ísland (target countries) ásamt 12 öðrum þjóðum í Evrópu með framkvæmd þessa dags. Sjá nánar á www.eksdays.org

Boguslaw Galazka frá SO Pólland fór yfir helstu mál varðandi Evrópuleikana sem haldnir verða í Varsjá í september n.k. Í máli hans kom fram að undirbúningur gangi í öllum helstu atriðum vel, þó svo ekki alveg þrautalaust; m.a. hafi nokkur stór fyrirtæki sem höfðu heitið stuðningi neyðst til að hætta við sökum efnahagsástands, svo hafi helstu stuðningsmenn leikanna úr röðum fyrirmanna látist í flugslysinu í Smolensk í Rússlandi í apríl s.l. Auk þessa gætu flóðin sem nú herja á Pólverja sett vinarbæjarheimsóknir í uppnám. En Pólverjar ætla ekki að láta þessar hindranir koma í veg fyrir glæsilega leika!

Martha Jo Braycich, yfirmaður skipulagsmála hjá SOEE fór yfir helstu markmið varðandi Heimsleika SO í Aþenu. Þau eru:

- Koma á samstarfi við 6 evrópsk íþróttasambönd
- Fjölga þátttakendum í „unified sports“ ungmenna
- Þróa frekar íþróttir fyrir ung börn (Young Athletes) og því sem kallað er upplýsinganet fyrir fjölskyldur þátttakenda (Family Support Network)
- Fjölga þeim sem koma að „Healthy Athletes“ verkefninu
- Innleiða „Wear the Laces“ verkefnið sem er nýtt fjáröflunarverkefni SO
- Sýna hvernig stefna Evrópusambandsins samrýmist því sem SO er að gera
- Viðhalda samvinnu við þjóðþekktu Evrópubúa fram að leikunum og á meðan þeim stendur.

Þá var röðin komin að Trevor O'Rourke, sem er yfirmaður SOI í fótboldamálum. Hann sagði frá því að SOI ætti í góðu samstarfi við FIFA og einnig ættu margar Evrópuþjóðir gott samstarf við UEFA. Það virðist sem að allir séu boðnir og búnir að greiða götu SO í þessum málum. Einnig sagði hann frá því að mörg þekkt lið hafi gert samstarfssamning við SO s.s. Tottenham, AC Milan og lið í Frakklandi, Brasilíu og víðar. Þetta samstarf við liðin og helstu stjórnur þeirra hafa mikla þýðingu við útbreiðslu fótboldans og hugmyndafræði SO. Því næst sagði hann frá fyrirhugaðir keppni í tengslum HM í fótbolda í Suður Afríku. Fram fer keppni blandaðra liða „Unified“ sem skipuð verða heimsfrægum fótboldaköppum ásamt fótboldamönnum úr röðum SO. Verður ugglaust gaman að fylgjast með því – betri auglýsingu getur SOI sennilega ekki fengið.

Því næst var farið yfir helstu mál er varða Torch Run verkefnið sem er m.a. fjáröflunarverkefni SO þar sem hlaupið er um hinar ýmsu þjóðir með Olympíueldinn. Hlaup þetta er einnig notað til fræðslu um SO hreyfinguna. Að fundi loknum nefndi Angela Fresne, sem hafði séð um kynninguna að gaman væri að við kæmum að þessu verkefni í nánustu framtíð!

Nýjasta fjáröflunarverkefni SO var kynnt, nefnist það „Wear the Laces“ En SO hefur látið hanna sérstakar skóreimar með áprentuðu merki SO sem koma í fallegum umbúðum sem minna á verðlaunapening SO. Verkefnið gengur út á það að fá fólk til setja reimar þessar í skóna sína, hafa þær um háls sér, nota sem armband eða eins og ein hugmyndin gengur út á konur noti þær til að halda lífstykkjum sínum saman (Lady Gaga auglýsir þennan möguleika)! Gert er ráð fyrir að salan á reimunum hefjist fljótlega en meginþungi sölunnar verði í

tengslum við Heimsleikana í Aþenu 2011. Hugmyndir eru uppi um að útfæra þessa hugmynd á annan varning s.s. lyklakippur, skraut fyrir gsm síma og handtöskur svo eitthvað sé nefnt. Greinilegt var að fundi loknum að sitt sýnist hverjum með þessa nýju fjáröflun.

Gemma Sturdy, sem er aðstoðarkona Mary Davis framkvæmdastjóra SOEE, kynnti samkomulag sem SOEE hefur gert við Microsoft. Í þessu samkomulagi kemur fram að Microsoft ætlar að sjá öllum aðildarlöndum SOEE fyrir öllum þeim forritum MS sem þjóðirnar telja sig þurfa hvort sem er til textavinnslu, töflureikna, gagnagrunna eða forita til geymslu gagna eða samskipta. Má þar helst nefna:

- Microsoft Office Professional Plus 2007
- Microsoft Office Communicator 2007
- Microsoft Office Groove 2007
- Microsoft Office Project 2007
- Microsoft Office SharePoint Server 2007
- Business Productivity Online Service

Þetta samkomulag hefur þegar tekið gildi en reikna má með að einhvern tíma taki að koma þessu til aðildarþjóða. Það kom fram að ef einhverjar þjóðir eru komnar að þeim tímapunkti að skipta um forrit í sínu tölvukerfi eða vanti eitthvert ofantalinna forrita skuli þau setja sig í samband við skrifstofu SOEE og þeirra málum verður komið í farveg hið fyrsta.

Að lokum voru veittar viðurkenningar til þeirra landa sem hafa fyllt heilu eða hálfu áratuginu í SOI. 20 ár eru liðin síðan Ísland hóf þátttöku í Special Olympics og tók undirritaður á móti viðurkenningarplatta því til staðfestingar.

Næsti fundur SOEE verður haldinn á Möltu 15. – 18. Október 2011.

Fundi slitið og héldu fundarmenn því næst með föggur sínar á lestarstöðina í Casablanca þangað sem förinni var haldið, með lest konungsins, til Marrakech.



Jóhann Arnarson